

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 26. nóvember 2024, fundur hófst kl. 20:00.



Staður: Teams

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Hermann Vilmundarson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson, Þórunn Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

1. Fjármál félagsins

Farið yfir stöðu fjármála. Skatturinn er búinn að reikna og ákveða skuld Sprettis í tengslum við virðisaukaskattsmál sem hefur verið í gangi síðustu misseri og veður hún gerð upp.

Stefnt er að því að framkvæmdastjóri taki yfir lyklamálin frá og með 1 des. Rætt um að koma upp kóðaboxi þar sem lykklarnir eru afhentir.

2. Fundurinn með bæjarstjórunum

Jónína og Sigurbjörn fóru á fund með bæjarstjórunum. Rætt um samsetningu félagsmanna, gervigrasið, reiðvegi, snjómokstur, félagshesthúsið og lögð var mikil áhersla á innviðamál. Rætt um kostnað því tengdu, sveitarfélögin borga 1/3 hvort og Sprettur borgar 1/3.

3. Taðmál

Jónína, Haraldur og Sveinbjörn eldri fóru á fund með Garðabæ og Kópavogi. Verkefni Sprettis og sveitarfélaganna er að finna framtímarlausn á taðmálunum. Sveitarfélögin ætla að heyra í Sorpu. Svar er komið frá Birki hjá Kópavogsbæ eftir samtali við Heilbrigðiseftirlitið um hvernig hægt sé að ljúka tippsmálinu.

4. Samningar við Eiðföxa

Sigurbjörn fór yfir drög að samningi við Eiðföxa TV fyrir öll okkar mót nema 1. Deildina.

5. 1 deildin

Rætt um framtíð rekstrarfyrirkomulags 1. Deildarinnar. Jónína sýndi drög sem stjórn var sammála eftir smávægilegar breytingar. Jónína hefur samþykki stjórnar til að senda þetta á stjórn 1 deildarinnar.

6. Uppskeruhátið

Uppgjör yfirfarið og rætt.

7. Snjómokstur Ari/Kópavogsbær

Rætt um snjómokstur á reiðvegum. Loftorka mokaði Andvara megin í fyrra og Garðabær borgaði allt. Engin greiðsluþátttaka var frá Kópavogsbæ. Hermann tekur saman fyrir næsta fund.

8. Spónatilboð

Tilboð frá Fóðurlöndunni, kynnt fyrir Spretturum. Þórunn birtir auglýsingu.

9. Félagshesthús, staðan og næst skref

2 pláss laus, rætt um verð og ákveðið að það 25.000 kr. á mánuði. Gera auglýsingu um félagshesthúsið. Taka út skilyrði um Knapamerki. Þórunn og Þórdís skoða.

10. Staðfesta stefnumörkunina

Stefnumörkunin samþykkt. Þórunn kemur með tillögu að plássi á vefnum.

11. Ölvunarakstur á félagssvæðinu

Borist hafa ábendingar um ölvunarakstur á félagssvæðinu. Alltaf skal hringja í lögregluna ef

menn verða varir við ölvunarakstur. Setja almenna frétt um umgengni á félagssvæðinu. Þórunn klárar.

12. **Umsóknir um Íslandsmót hjá LH.**

Sækja um Íslandsmót í gæðingalist. Katla og Jónína taka þetta mál.

13. **Uppgjör á salnum**

Rætt um uppgjörsmál tengd umsýslu með Veislusalnum. Lárus klárar með Matthildi.

14. **Önnur mál**

Bergraf, félag sem sér um að laga ljósstaura. Gæti tekið að sér að laga ljóslausla staura í eigu Spretts.

Fá tilboð í að LED væða Samskipahöllina og Húsasmiðjuhöllina.

Mótadagatal til LH Þórunn stillir upp til LH, Þórunn setur upp mótadagskrá.

Lárus, tryggingarmál, Vörður vill fá að gera okkur tilboð, allt í lagi að gera það. Lárus skoðar og hefur Þórunni í CC.

Fundi slitið kl. 22:55

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson